

1875

98
8da
nóvbr.

lögnum, skal vísað til yfirlits þess, er getið hefur verið, og skal ráðgjafinn með því að hann eins og sagt var, ekki hefur umræðurnar á alþingi, biðja sjer tjáð þóknanleg ummæli yðar um ástæðuna til þess, að skrifstofufje 2 amtmannanna hefur verið fært niður, og hvort eigi hafi verið ætlun alþingis, að þessi lækkun ætti einnig að ná til amtmanna þeirra, sem nú eru.

Loksins skal með tilliti til þess hvernig greiða skuli laun o. fl. vísað til fyrirmæla þeirra, sem getur um í dómsmálastjórnarbrjefi frá 20. febr. 1866 sbr. við brjef hinnar íslenzku stjórnardeildar frá 15. apríl 1851 og 4. marz 1871¹.

Í sambandi við þetta skal ekki undanfellt að geta þess, að með því að það riður í bága við 25. grein stjórnarskrárinnar, að alþingi hefur neitað 192 króna árs upphæð þeirri, sem fjárlagafrumvarpið veitti sem styrktarfje í stað spítala þess á Gufunesi, sem hefur verið lagður niður, en þetta styrktarfje var veitt með konungsúrskurði frá 18. septbr. 1793, hefur ráðgjafinn til þess að bæta úr göllum þessum við fjárlagafrumvarp það sem alþingi hefur samþykkt, álitíð sjer skylt að reyna að fá ofannefndan konungsúrskurð frá 1793 felldan úr gildi, áður en fjárlagafrumvarpið var horið undir úrskurð konungs, og hafa tillögur um það verið samþykktar með konungsúrskurði frá 7. f. m. Um leið og vísað er í þessu tilliti til auglýsingar ráðgjafans frá 9. f. m. í stjórnartíðindum A nr. 12, skal yður veitt umboð til, að því leyti styrkir þeir, sem nú sem stendur eru veittir, eigi skyldu verða greiddir af árstekjum styrktarsjóðs þess, sem stofnaður var með konungsúrskurði frá 14. marz 1832, að greiða það sem á vantar úr jarðabókarsjóðnum í von um aukafjárveitingu, og býst ráðgjafinn við að fá skýrslu um það sem gjört er í þessu tilliti.

Um leið og nokkur sjerstaklega prentuð exemplör af fjárlögnum og athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið, eru send yður hjer með til þess að þjer sjálfir getið notað þau og útbýtt þeim til hlutadeigandi embættismanna, skal að lokum tekið fram, að brjef þetta skal birt í stjórnartíðindum deildinni B.

99
8da
desbr.

Brjef landshöfðingja (til bæjarfógetans í Reykjavík).

Í þóknanlegu brjefi frá 27. f. m. hafið þjer herra bæjarfógeti tjáð mjer, að Guðlaugur Sigurðsson hafi 20. janúar þ. á. verið settur inn í hegningarhúsið hjer í bænum eptir að vera dæmdur í 16 mánaða þetrunarhúsvinnu, og að hann hafi tekið út hegningu þessa með því að vera í einhýsi nótt og dag; en þess vegna ber samkvæmt 14. grein almennra hegningarlaga að stytta hegninguna um þriðjung. Þjer hafið því spurt um, hvernig reikna skuli hegningartíma þenna sem verði $10\frac{2}{3}$ mánuðir, er hann sje stytur á nefndan hátt.

Af þessu tilefni leiði jeg ekki hjá mjer þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar, að reikna skal hegningartímann er færður er niður, samkvæmt hinni tilvitnuðu lagagrein, þannig, að heilir mánuðir reiknist sem rímmánuðir, en hlutar af mánuði verði einatt reiknaðir, eins og mánuðurinn hefði 30 daga án tillits til þess, í hverjum mánuði fanganum er sleppt. Guðlaugi Sigurðssyni þeim, sem spurt hefur verið um, ber því að sleppa úr hegningarhúsinu 15. þ. m. um sömu klukkustund og hann var settur inn 26. janúar þ. á.

1) Brjef þessi eru prentuð í tíðindam um stjórnarmálefni II, 306 og III, 145, og Lovsamling for Island XV, 71.